

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Flóahreppi.

1. gr.

Gjald fyrir hvert skilti sem eigandi hunds fær við skráningu hans skal vera 4000 kr. og greiðist við skráningu.

2. gr.

Kostnaður vegna föngunar og vörslu hunda sbr. 3. gr. samþykktar um hundahald í Flóahreppi nr. 425/2010 svo sem útkallskostnaður, bifreiðakostnaður, búrleiga og auglýsingar, skal greiddur af hlutaðeigandi leyfishafa eða umráðamanni hunds. Föngunargjald, varsla og auglýsingargjald er 28.000 kr.

Að auki leggst á sólarhringsgjald, 4.000 kr. ef kemur til handsömunar og geymslu viðkomandi hunds. Ef hundur er handsamaður oftari en þrisvar sinnum á einu ári, þá á hundaeigandi eða umráðamaður hunds yfir höfði sviftingu á leyfi til hundahalds.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Flóahrepps 15. desember 2022 samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samþykkt um hundahald í Flóahreppi.

Flóahreppi, 11.01.2023

Hulda Kristjánsdóttir sveitarstjóri.



The image shows a handwritten signature in blue ink that reads "Hulda Kristjánsdóttir". Overlaid on the signature is an official blue oval stamp. The stamp contains the text "SVEITARSTJÓRN" at the top and "FLÓAHREPPS" at the bottom, with a cursive signature in the center.